

# Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu

## Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Skógum, miðvikudaginn 28. júní 2017 kl: 11,00.

Mætt: Elín Einarsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Egill Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson, Þorgils Torfi Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Guðmundur Viðarsson, Lilja Einarsdóttir ( í gegn um síma ) Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Skógasafns, Guðjón Ármannsson frá Lex og Guðmundur Einarsson, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá.

#### 1. Fundarsetning.

Egill Sigurðsson formaður Héraðsnefndar Rangæinga setti fund og stýrði honum.

#### 2. Ársskýrsla Skógasafns.

Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Skógasafns var gestur fundarins undir þessum lið og fór yfir ársskýrslu Skógasafns 2016. Hagnaður ársins nam kr. 32.106.981. Eigið fé í árslok nam kr. 351.017.624 og veltufé frá rekstri nam kr. 42.597.038. Héraðsnefndirnar staðfestu ársskýrsluna.

#### 3. Málefni Skóga.

3.1. Guðjón Ármannsson lögmaður fór yfir drög að samkomulagi sem hann hefur unnið varðandi deiliskipulagt land í Ytri-Skógum. Samkomulag þetta er á milli Héraðsnefnda Rangæinga og Vestur Skaftafellssýslu annars vegar og Rangárþings eystra hins vegar. Samkomulagið tekur m.a. til úthlutunar lóða, innheimtu lóðarleigu og gatnagerðargjalda, sem og uppbyggingar svæðisins. Guðjóni Ármannssyni falið að vinna samkomulagið áfram í samstarfi við fulltrúa frá báðum héraðsnefndum. Stefnt skal að því að sem næst fullgert samkomulag verði lagt fyrir sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu í ágústmánuði n.k.

3.2. Erindi frá Hótel Skógum, þar sem óskað er eftir lóð í Skógum. ( frestað frá fundi 8. maí 2017.) Erindinu var hafnað. Lóðir á Skógasvæðinu verða auglýstar til úthlutunar þegar vinnsla deiliskipulags fyrir Skógasvæðið verður lokið

3.3. Erindi Kára Rafns Þorbergssonar, þar sem óskað er eftir lóð undir hesthús. ( frestað frá fundi 8. maí 2017.) Erindinu var hafnað.

3.4. Erindi Smára Ólasonar, þar sem óskað er eftir stækkun á tveimur sumarhúsalóðum. ( frestað frá fundi 8. maí 2017.) Erindinu var hafnað, þar sem lóðahöfum hefur þegar verið úthlutað lóðum sem eru 1.070 fm og 1.450 fm að stærð og það er mat héraðsnefndanna að ekki liggi fyrir gögn, sem gefa tilefni til stækkunar á lóðunum.

3.5. Erindi frá Umhverfisstofnun, þar sem óskað er eftir að héraðsnefndirnar skipi fulltrúa í samstarfshóp varðandi Skógafoss. Benedikt Benediktsson var skipaður fulltrúi í samstarfshópinn og Ísólfur Gylfi Pálmason til vara.

3.6. Erindi frá Sönnum landvættum um samstarf um uppbyggingu á svæðinu við Skógafoss. Afgreiðslu erindisins var frestað.

3.7. Í framhaldi af samþykki allra sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu á kaupum Skógasafns á húsnæði Skógaskóla, samþykkja héraðsnefndirnar kaupin fyrir sitt leyti

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 14,45

Guðmundur Einarsson fundarritari